

**HEILBRIGÐISNEFND  
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS  
105. fundur – 14. september 2006**

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, fimmtudaginn 14. september 2006, og hófst hann kl. 13:00. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Páls Stefánssonar, heilbrigðisfulltrúa og Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð.

Halla Halldórsdóttir boðaði forföll.

**Fundarefni: Meðhöndlun og förgun úrgangs.**

**1 Móttökustöð Sorpu bs. í Gufunesi**

Jón Ólafur Vilhjálmsson sýndi stöðina og gerði grein fyrir starfsemi og var rætt um helstu breytingar í heimilissorpi á undanförunum misserum. Magn pappírs hefur t.d. vaxið umtalvert. Aukning hefur orðið í innsöfnun á timbri og vegna takmarkaðs rýmis innan dyra í stöðinni er verið að flytja það út fyrir.

**2 Förgunarstaður og metangasframleiðsla Sorpu bs. á Álfsnesi.**

Jón Ólafur Vilhjálmsson sýndi urðunarstaðinn. Gildir leyfi til förgunar þar til ársins 2014. Gerð var grein fyrir gasvinnslu úr förgunarstaðnum sem gengur mjög vel.

**3 Svæðisáætlun um meðferð úrgangs.**

Ögmundur Einarsson, framkvæmdastjóri, gerði grein fyrir tilskipunum Evrópusambandsins varðandi förgun úrgangs. Með tilskipunum sem teknar eru upp í samning um evrópska efnahagssvæðið er ýmsar kvaðir settar á sveitarfélögin hér á landi sem þó eru ekki framleiðendur úrgangsins. Samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs skal liggja fyrir svæðisáætlun um meðferð, förgun ofl. og var slík sameiginleg áætlun staðfest á árinu 2005 Svæðisáætlunin er fyrir tímabilið 2006 -2020 og nær til 43 sveitarfélaga á suður og vesturlandi. Á því svæði búa um 80% íbúa landsins. Ráðgjafar eru nú að vinna að tillögugerðum um förgunarleiðir og er von á skýrslum til sveitarfélaganna á næstu vikum. Tímamörk eru þröng og ljóst að ákvarðanataka verður að ganga hratt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:10

Steingrímur Steingrímsson

Birna Ólafsdóttir

Jón Bjarni Þorsteinsson

Sigurgeir Ólafsson